

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Grandavegur 44.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. júlí 2013, breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar númer 44 við Grandagarð. Í breytingunni felst niðurfelling á hjúkrunarheimili og fjölgun íbúða á svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ármúli 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 16. ágúst 2013, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Ármúla. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni o.fl.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 21. ágúst 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2013